

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2005

Nr. 340

500

29. mars 2005

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.555.2, Starhagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.555.2 vegna lóða við Starhaga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bitruháls 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 23. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bitruháls 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.170.3, Þingholtsstræti 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 16. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.170.3, vegna lóðarinnar Þingholtsstræti 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klettasvæði, Klettagarðar 8 – 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Klettasvæði, lóðirnar Klettagarða 8 – 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. mars 2005.

Helga Bragadóttir.

Nr. 341

31. mars 2005

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið úthlutunarreglur þessa sveitarfélags: